

## Athugasemdir við Drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands:

1) Skipting landsins í „vatnsumdæmin 4“ í nýju stjórnkerfi vatnamála, er að mati undirritaðs ekki til þess fallin að gera vinnuna skilvirkari við þau markmið að greina mengunarálag og stuðla bættu ástandi vatnshlota. Erfitt er að sjá nokkur rök fyrir því að Snæfellingar, á sunnanverðu Snæfellsnesi, eigi að starfa að framþróun málaflokksins með Reykvíkum, á meðan sveitungar þeirra á norðanverðu Snæfellsnesi eiga að fara í sömu vinnu með Ísfirðingum og Króksurum. Nærtækara væri að vinna þessa vinnu á grundvelli þeirrar skiptingar sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga starfa eftir, en þær fara að stórum hluta með eftirlit með mengun og vatnsgæðum í héraði. Ef svæðin hefðu þótt of mörg hefði mátt slá nokkrum heilbrigðisnefndum saman í skilgreind vatnasvæði t.d. vatnasvæði Höfuðborgar og Suðurlands.

2) Álagsgreiningin, sem er að finna í skýrslunni, er unninn úr fjölmörgum athugunum sem hafa verið unnar með ólík markmið í huga og sömuleiðis með ólíkum aðferðum. Stundum er um beinar mælingar í viðtaka að ræða og stundum er um framreikning að ræða á hvað sambærileg starfsemi mengar mikið.

Ef skoðaðar eru niðurstöður um mengunarálag þriggja lítilla bæjarfélaga á Norðurlandi vestra; Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði, þá er áætlað að frá umræddum bæjarfélögum berist liðlega 52 þúsund persónueiningar frá atvinnustarfsemi á þeim svæðum, en frá Höfuðborginni er áætlað að öll atvinnustarfsemi s.s. iðnaður, fiskvinnsla, og ferðamennska skili innan við 200 þúsund persónueiningum. Þessar tölur gefa til að kynna að rétt sé að staldra við áreiðanleika gagnanna og túlkun þeirra.

3) Ómögulegt er að meta út frá þeim athugunum sem liggja fyrir hvernig eigi að flokka gæði strandsjávar út frá lífrænni mengun. Það er að viðkomandi svæði teljist vera einhverjum eftirtalinna þriggja flokka; undir álagi í flokki I, eða í flokki II mögulega í hættu, - eða þá í flokki III að vera ekki undir álagi.

Það markast fyrst og fremst af því að ekki er búið að setja nein umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í vatni í strandsjó, en þau mörk sem er að finna í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eru sett fyrir ár og stöðuvötn. Sömuleiðis er ekki heldur búið að að setja upp vistfræðilegt flokkunarkerfi sbr. 16. gr. reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Að lokum skal tekið fram að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur nýverið gert athuganir á mengun strandsjávar við; Ólafsfjörð, Siglufjörð og Sauðárkrók og eru niðurstöður rannsóknanna að finna á heimasíðu eftirlitsins [www.hnv.is](http://www.hnv.is). Fyrirhugað er að gera ennfrekari mælingar á næstu vikum á viðtaka skólps á Blönduósi og Siglufirði sem nýtist vonandi við gerð endanlegrar stöðuskýrslu fyrir vatnasvæðið Ísland.

Virðingarfyllst

---

Sigurjón Þórðarson  
heilbrigðisfulltrúi